

Svar

menningar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn frá Indriða Inga Stefánssyni um hindranir fjölmiðla á Keflavíkurflugvelli.

1. *Hvert er mat ráðherra á þeirri atburðarás sem átti sér stað aðfaranótt 3. nóvember 2022 á Keflavíkurflugvelli þegar flóðlýsingu var beint að fjölmiðlum til að hindra störf þeirra, með tilliti til alþjóðlegra mannréttindasamninga sem Ísland er aðili að sem og íslenskra laga?*

Frjálsir og óháðir fjölmiðlar eru einn af mikilvægustu hornsteinum lýðræðislegs samfélags og mikilvægt að þeir fái svigrúm til að sinna störfum sínum sem m.a. felast í því að veita ríkinu aðhald. Í málefnum fjölmiðla þarf einnig ávallt að hafa í huga ákvæði 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, um vernd tjáningarfrelsis, sbr. einnig 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem leiddur var í lög með lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994.

2. *Brást ráðuneytið við ofangreindum atvikum á einhvern hátt? Efsvo er, hvernig? Efst ekki, af hverju ekki?*

Samkvæmt lögum um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl., nr. 76/2008, er innviðaráðherra heimilt að stofna opinbert hlutafélag um rekstur Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Í 2. gr. laganna er tekið fram að ráðherra fjármála fari með hlut ríkisins í félaginu og framkvæmd laganna, sbr. þó 2. mgr. 5. gr. og 7. gr. Í ljósi ofangreinds er það mat menningar- og viðskiptaráðherra að þessum hluta fyrirspurnarinnar skuli beina til hlutaðeigandi ráðherra.

3. *Hefur ráðherra áhyggjur af frelsi fjölmiðla í kjölfar ofangreindra atvika? Efsvo er, hyggst ráðherra beita sér til að tryggja öryggi frjálsrar fjölmiðlunar á Íslandi?*

Það er forsenda opinnar lýðræðislegrar umræðu að fjölmiðlar geti veitt stjórnvöldum, atvinnulífinu og helstu stofnunum samfélagsins nauðsynlegt aðhald. Ísland situr í 15. sæti á lista alþjóðlegu samtakanna „Blaðamenn án landamæra“ yfir fjölmiðlafrelsi í ríkjum heims. Á meðal þeirra markmiða sem íslensk stjórnvöld hyggjast setja sér í væntanlegri fjölmiðlastefnu er að greina hvað skýri stöðu Íslands á listanum sem og til hvaða aðgerða sé nauðsynlegt að grípa til að færa Ísland ofar á listann og nær hinum Norðurlöndunum.